



Síldarminjasafn Íslands ses
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2021

Árið 2021 litaðist af áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru – en þó rættist töluvert úr stöðunni þegar á leið. Safngestum fjölgaði um 73% frá fyrra ári – og voru alls rétt rúmlega 20.000 talsins, sem er mikið gleðiefni eftir mikla fækkun gesta árið áður. Samkomutakmarkanir höfðu töluverð áhrif á starfsemi safnsins stærstan hluta ársins, en voru þó mun rýmri en 2020. Sumarið fór hægt af stað – en gestum fór svo verulega fjölgandi eftir því sem á leið. Í fyrsta sinn urðu gestir í ágústmánuði fleiri en í júlí, sem alla jafna er stærsti mánuður ársins. September og október komu á óvart og færðu okkur á fjórða þúsund gesti! Síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka voru 27 og skipulagðar leiðsagnir um safnið 359 og hafa aldrei verið fleiri. Erlendir ferðamenn voru 60% (samanborið við 27% 2020 og 72% 2019). Þá heimsóttu rúmlega 1,100 nemendur á öllum skólastigum Síldarminjasafnið í skipulögðum námsheimsóknnum og íbúar Fjallabyggðar eru jafnframt tíðir gestir á safninu og voru um 400 á árinu.

Í upphafi árs 2021 voru þrír fastráðnir starfsmenn við safnið í tveimur og hálfu stöðugildi. Fastráðnir starfsmenn í árslok voru Anita Elefsen, Inga Þórunn Waage og Edda Björk Jónsdóttir. Örlygur Kristfinnsson sinnir enn afmörkuðum verkefnum, en nú í sjálfboðastarfi. Ráðnir voru sjö sumarstarfsmenn, fimm önnuðust gestamóttöku, safngæslu, leiðsagnir og þríf en tveir sinntu viðhaldi og öðrum tilfallandi verkefnum. Síldarminjasafnið fékk úthlutað tveimur sumarstörfum námsmanna frá Vinnumálastofnun og gafst það vel. Safnstjóri var í skráðu fæðingarorlofi frá marsbyrjun og út október, en sinnti rekstri, verkefnastjórn og gestamóttöku samhliða. Inga Þórunn Waage fór í 50% veikindaleyfi vegna þungunar í septemberlok og sinnti hálfu starfi til áramóta. Á haustmánuðum var auglýst starf við safnið til eins árs, til afleysingar fyrir Ingu Þórunni og var Daníel Pétur Daníelsson ráðinn. Hann hóf störf í janúarbyrjun 2022.

Starfsfólk safnsins sinnti gestamóttöku í mjög miklu mæli, sér í lagi utan háannatíma þegar sumarstarfsmenn voru horfnir aftur til náms. Þannig gafst lítið rúm til annarra verkefna á haustmánuðum t.a.m. En til viðbótar við móttöku gesta sinnti starfsfólk safnsins skráningu og faglegum störfum af kappi auk þess sem framkvæmdum við Salthúsið miðaði mjög vel áfram á haust- og vetrarmánuðum. Áfram var unnið að kennsluverkefninu *Safn sem námsvettvangur* í samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar á vorönn og fram að skólaslitum. Nemendur tókust á við fjölbreytt verkefni í vikulegum kennslustundum sínum á safninu og lauk skólaárinu með svokölluðum yfirtökudegi. Verkefnið allt heppnaðist afar vel og voru starfsmenn safnsins, skólans sem og nemendur hæstánægðir með afraksturinn. Verkefnið var raunar svo vel heppnað að það var tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna á vordögum 2022.

„Mat valnefndar er að verkefnið „Safn sem námsvettvangur“ sé fyrirmyndarverkefni. Lykillinn að velgengni þess er góð samvinna safns og skóla, sem varð til þess að sá einstaki árangur náðist að safnfræðslan varð hluti af stundaskrá þeirra grunnskólanemenda sem hún miðaði að. Þar með eflast góð tengsl við íbúa í heimabyggð og staða safnsins sem virkur þáttur í menntun og tómstundum grunnskólabarna. Verkefnið er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.“

Sitthvað var um viðburði á árinu. Tuttugu og sjö síldarsaltanir fóru fram á planinu við Róaldsbrakka eins og fram hefur komið, en jafnframt má nefna að kvikmyndin *Hálfur álfur* eftir Jón Bjarka Magnússon var sýnd í Gránu, málþingið *Verkþekking við sjávarsíðuna – auður til arfs* á vegum Vitafélagsins fór fram í Batahúsinu á haustmánuðum og Síldarminjasafnið tók virkan þátt í Eyfirska safnadeginum og Barnamenningardögum í Fjallabyggð. Bátasmíðanámskeið fór fram í Gamla Slippnum í nóvember, eftir þriggja ára hlé. Námskeiðið var mjög vel sótt og var unnið að viðgerð súðbyrtra báta í Slippnum.

Framkvæmdum við Salthúsið miðaði betur áfram en vonir stóðu til – fyrst og fremst vegna aukinna tekna af gestakomum á haustmánuðum. Þannig tókst að ljúka við að klæða alla veggj og loft á neðri hæð hússins, ljúka við málningarvinnu í sýningarrými á efri hæð og múra sökkul hússins að innan og flota gólfin á neðri hæð. Verkinu miðar þannig vel áfram, enn er nokkuð langt er í land og miklar framkvæmdir bíða – en þó hefur mikið áunnist. Uppbygging Salthússins er og verður forgangsverkefni á Síldarminjsafninu á komandi árum. Húsið stórbætir aðstæður til varðveislu safnkosts og annarra faglegra starfa með bættri aðstöðu fyrir starfsfólk.

Skráning á safnkosti fór fram með skipulegum hætti og lögð var megináhersla á að ljúka við ljósmyndun og ítarskráningu aðfanga í grunnsýningunni í Róaldsbrakka samhliða skráningu á nýjum aðföngum. Að auki var ráðist í að ítarskrá og endurljósmynda öll botnamerki og tunnumerki í safnkostinum. Tölusettar voru 104 nýskráningar í aðfangabók, sem innihalda alls um 189 gripi. Í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, voru skráðar 379 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng.

Sem fyrr var skráningu ljósmynda sinnt skipulega og eru vikulegar myndasýningar á Skálarhlíð, dvalarheimili aldraðra, þar lykilatriði. Greindar voru um 2.400 ljósmyndir á árinu með hjálp eldri borgara. Lokið var við að skrásestja öll viðtöl við síldarfólk sem tekin voru árið 2019 og eru þau nú orðin vel aðgengileg til rannsókna og frekari eftirvinnslu.

Árið var mjög krefjandi fyrir starfsfólk safnsins og má segja að mannekla hafi verið viðvarandi allt árið. Sumarstarfsfólk hefði mátt vera fleira – en erfitt var að geta sér til um stöðu ferðaiðnaðarinnar mitt í heimsfaraldri. Á haustmánuðum komst starfsfólk lítið til annarra verka en gestamóttöku auk þess sem veikindaleyfi setti strik í reikninginn.

Þrátt fyrir að árið hafi verið verulega krefjandi að flestu leyti var það jafnframt afar lærdómsríkt. Vel tókst til við að aðlaga reksturinn og velta ársins nam 66 mkr. og hækkuðu tekjur af rekstri um rúmlega 150% eða 19 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2021 var jákvæð um 4,6 mkr. sem skýrist hvoru tveggja af mun hærri tekjum en áætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem greiddir voru út styrkir vegna verkefna sem framkvæmast á árinu 2022.

Siglufirði, 3. júní 2022



Anita Elefsen, safnstjóri